

## GJALDSKRÁ

**fyrir kattahald í Húnaþingi vestra.**

1. gr.

Eigendur katta í Húnaþingi vestra skulu greiða sveitarsjóði skráningargjald sem ætlað er að standa undir kostnaði skv. 2. gr. samþykktar um kattahald í Húnaþingi vestra, nr. 172/2000. Innifalið í leyfisgjaldinu er merkisgjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Við umsókn um skráningu kattarins skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.300.  
Ef endurnýja þarf merkisgjald skal innheimta gjald að upphæð kr. 1.000.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af sveitarstjórn Húnaþings vestra þann 13. desember 2006 er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt af Heilbrigðiseftirliti Norðurlands vestra þann 25. október 2007.

*Húnaþingi vestra, 21. maí 2008.*

**Skúli Þórðarson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 3. júní 2008